



## Tillaga að deiliskipulagi fyrir hótél í landi Skerðingsstaða

### Samantekt umsagna og athugasemda

23.09.2022

Tillagan að nýju deiliskipulagi fyrir hótél og fimm smáhýsi í landi var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn Grundarfjarðar þann 10. mars 2022 skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst frá 15. júní með athugasemdafresti til og með 29. júlí 2022 og 15 gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tillagan var auglýst 20. júlí með athugasemdafresti til og með 14. september, 2022. Tillagan var til sýnis á vef sveitarfélagsins í Ráðhúsinu og Sögumiðstöðinni á opnunartímum. Tölvupóstur með auglýsingunni var sendur til þeirra sem gert höfðu athugasemdir þegar tillaga að skipulagslýsingu var kynnt. Auk þess var haldinn kynningarfundur 23. ágúst í Sögumiðstöðinni Grundarfirði.

Beiðni um umsögn var send til eftirfarandi aðila: Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Breiðafjarðarnefndar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Vegagerðarinnar, Minjastofnunar, Slökkviliðs Grundarfjarðar, Lögreglunnar á Vesturlandi, Svæðisgarðs Snæfellsness, Ferðamálastofu Vesturlands (west.is) og Svæðisskipulagsnefndar (frestur framlengdur þar sem nefndin hafði ekki komið saman áður en athugasemdafrestur rann út).

*ATH. Eftirfarandi samantekt kemur ekki í stað athugasemdanna eins og þær bárust heldur er til þess að ætluð að draga þær saman þannig að auðveldara sé að fjalla um þær.*

### A. UMSAGNIR

**Vegagerðin** (19. ágúst 2022) bendir á gr. 5.3.2.5 í skipulagsreglugerð: *d. fjarlægð milli bygginga og vega*. Vegagerðin bendir jafnframt á að stofnunin tekur ekki þátt í kostnaði við t.d. gerð hljóðmana og annað slíkt innan veghelgunarsvæðis. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

**Minjastofnun Íslands** (21. ágúst 2022) gerir ekki athugasemd við tillöguna en bendir þó á að “ef fornminjar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar” [...]

**Slökkvilið Grundarfjarðar** (30. ágúst 2022). *Vegna vanhæfis slökkviliðsstjóra Grundarfjarðar vegna tengslna, var leitað til slökkviliðsstjóra Stykkishólms og nágrennis.*

- Viðbragð - Bruni á þessum stað í svona stóru húsi kallar á að í fyrsta viðbragði verði kölluð út slökkvilið bæði frá Gundarfirði og Snæfellsbæ og slökkviliðin í Stykkishólmi og í Borgarbyggð sett í viðbragðstöðu.



- Slökkvivatn - Gera verður ráð fyrir að á svæðinu verið 4 brunahanar svokallaðir BAB hanar með þremur úttökum hver og aðlögn að hverjum þeirra verði 150 mm að innanmáli (180 plast). Vatnsveita þarf að gefa nægt slökkvivatn eða um 100 sek/lítra. Hvernig er komist að þessari niðurstöðu um rennsli? Allt byggingarmagnið er gert að einu brunahólfi og án allra viðvörunnar- eða úðakerfa þetta ætti að gefa okkur nóg vatn með góðum öryggismörkum.
- Aðkoma - Helst þarf að vera hægt að koma körfu/stigabíl að húsinu báðumegin. Einnig væri gott að hægt væri að komast að Lárvaðlinum ef vatnsveita bregst.
- Búnaður slökkviliðs - Það er ljóst að þessi bygging kallar á að Slökkvilið Grundarfjarðar eiginst körfu/stigabifreið sem er að lágmarki 32 metrar að hæð.

**Heilbrigðiseftirlit Vesturlands** (12. september 2022) gerir ekki athugasemdir við tillöguna en minnir á að samþykki HeV þarf vegna útfærslu á málum tengdum vatnsbóli og fráveitu.

**Náttúrufræðistofnun Íslands** (15. september 2022) vísar til umsagnar frá 2019. Stofnunin telur æskilegt að farið sé á og aðstæður kannaðar frekar þar sem um er að ræða stóra framkvæmd á litlu svæði líkt og gert var í umhverfismatinu. Stofnunin telur að skipulagssvæðið sé ekki nógu stórt fyrir hótél af þessari stærðargráðu og gerir einnig athugasemdir við að einungis sé gert ráð fyrir 50 bílastæðum.

Jafnframt bendir stofnunin á að hús upp á sjö hæðir verði mjög áberandi í landslaginu sama hvoru megin komið er að.

Stofnunin bendir á að fyrirhugaður byggingarreitur er aðeins um 50 m frá ströndinni og því verður óhjákvæmilega rask á framkvæmdartíma á svæðinu milli fjöru og hótels. Stofnunin telur æskilegt að hótelið verði fært fjær frá ströndinni og væri rétt að miða við 100 m.

Jafnframt telur stofnunin að tryggja verði að fráveita valdi ekki óásættanlegri mengun í Lárvaðli þannig að lífríki stafi ógn af.

Stofnunin bendir á að framkvæmdum vegna vatnsöflunar fylgi töluvert rask og mikilvægt sé að vandað verði til verka og vel gengið frá að framkvæmdum loknum.

Ní áskilur sér rétt til þess að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

**Skipulagsstofnun** (14. September 2022). Vegna verkefnaálags sér stofnunin sér ekki fært að veita umsögn um deiliskipulag á Skerðingsstöðum sem nú er í auglýsingu enda er það ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar. Stofnunin gaf umsögn um lýsingu verkefnisins 3. apríl 2019, þar sem m.a. var komið inn á landnotkun, sem nú hefur verið breytt og minnt á grein 5.3.2.14, skipulagsreglugerðar varðandi farlægdarmörk bygginga frá vötnum, ám og sjó.

**Breiðarfjarðarnefnd** (15. september 2022 og 22. september 2022). Í umhverfis- og framkvæmdaskýrslu með deiliskipulagstillögunni er því haldið fram „strandlína Breiðafjarðar liggir [i] utan við Lárvaðal, sem er manngert lón, og því munu framkvæmdir á deiliskipulagssvæðinu hafa lítil áhrif á verndarsvæði Breiðafjarðar.“ Breiðafjarðarnefnd telur að skilgreining Lárvaðals sé nokkuð óljós og leggur til að Lárvaðall verði meðhöndlaður sem hluti af verndarsvæði



Breiðafjarðar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Lárvaðall var gert að sjávarlóni með stíflun þess árið 1965 og er enn sjávarlón eins og rannsóknir sýna. Hinsvegar eru skilgreiningar og hugtakanotkun ekki ávallt sú sama ein sog sjá má t.d. hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (sjávarlón), hafrannsóknarstofnunar (sjávarlón) og í skýrslu Verkís (stöðuvatn), Aðalskipulag Grundarfjarðar (stöðuvatn á skýringarmyndum í greinargerð. *Kþ innskot: á aðalskipulagsupprætti er Lárvaðall sýndur sem hluti verndarsvæðis Breiðafjarðar*).

Auk þess, telur nefndin að 23 metra há bygging á Skerðingsstöðum muni hafa verulega áhrif á verndargildi landslags á svæðinu og að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé mjög nálægt menningarminjum. Breiðafjarðarnefnd skorar á sveitarfélagið að taka Lárvaðal fyrir sem sjávarlón með viðkvæmu vistkerfi eins og rannsóknir sýna.

Viðbótarumsögn barst frá Breiðafjarðarnefnd 22. september 2022. Eftir frekari athugun, telur Breiðafjarðarnefnd ljóst að Lárvaðall sé hluti af Breiðafirði og verndarsvæði Breiðafjarðar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði í landi Skerðingsstaða er á og við verndarsvæðið og þarf að taka tillit til þess í skipulagsgerðinni.

**Umhverfisstofnun** (15. september 2022) bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig hún samræmist lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 og Landskipulagsstefnu 2015 – 2026. Auk þess þarf að koma fram að svæðið sé skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði; Lárvaðall fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og að Breiðafjörður hefur verið tilnefndur á B-hluta náttúruminjaskrár af Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ).

Stofnunin bendir á mikilvægi eftirfarandi þátta:

- Að örnefnið „Breiðafjörður“ og afmörkun verndunarsvæðisins komi fram í tillögunni.
- Að undrstrikað sé að Lárvaðall sé mikilvægt fuglasvæði, á svæðinu sé m.a. mikið sjófuglavarp og að níu tegundir á svæðinu séu undir alþjóðlegri vernd.
- Að umfang framkvæmdarinnar komi skýrt fram og áhrif á verndargildi svæðisins.
- Að tekið verði tillit til þess að verði framkvæmdaráætlun sem byggir á tillögu NÍ að svæðum á náttúruminjaskrá, samþykkt á Alþingi (er forgangsverkefni), geti það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.
- Að staðsetning sjö hæða byggingar (22,5 m á hæð frá botnplötu) á tanga sem gengur út í Lárvaðal undir Skerðingsstaðafjalli muni hafa mikil áhrif á ásýnd svæðisins og verði áberandi á litlum tanga milli Lárvaðals og Þjóðveggar. Stofnunin telur að hæð byggingarinnar muni stinga mjög í stúf við umhverfið og hafa veruleg neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Stofnunin leggur til að skoðaðar verði hugmyndir að lágreistari byggingu (á 1-2 hæðum) sem falli betur að landslaginu.
- Fornminjar fyrir miðju áætlaðs framkvæmdasvæðis þrýsti framkvæmdum út að vatnsbakkanum.
- Að framkvæmdir verði staðsettar 100 m frá fjöru Lárvaðals þar em fjörurnar eru hluti af Verndarsvæði Breiðafjarðar (í gr. 5.3.2.14 í greinargerð með tillögunni stendur að mannvirki verði ekki nærri sjó en 50 m).



- Að gera skuli ráð fyrir tveggja þrepa fráveituhreinsun og kerfi sem meðhöndli 57.000 lítra af skólpi á dag og að gera þurfi ráð fyrir að hreinsivirkið ráði við álagið þegar það er mest. Einnig skal gera ráð fyrir forhrensun fyrir líffræðilega hreinsun á skólpi.
- Að einungis gert ráð fyrir 50 bílastæðum í tillöggunni og að mikilvægt sé að gera grein fyrir raunverulegum fjölda bíla- og rútustæða með skýrum hætti þar sem fleiri bílastæði kalli á meira rask.
- Auk þess telur stofnunin óljóst hvort veitingasala verði einungis fyrir hótélgesti eða einnig fyrir aðra ferðamenn. Mikilvægt sé að forsendur og útfærsla tillögunnar sé skýr svo hægt sé að meta umhverfisáhrif hennar.

**Fiskistofa** (22. september 2022) bendir á að veiðihagsmunir kunna að vera nokkrir í Lárvaðli. Vitað sé að þar hafði verið starfandi Veiðifélagið Lárvík sem náði til veiði á vatnasvæði Lárvaðla en Fiskistofu sé ekki kunnugt hvort veiðifélagið sé starfandi í dag. Fiskistofa telur rétt að gera veiðiréttareigendum viðvart um áformin til að leiða í ljós hvort áformin kunni að spilla veiðihagsmunum.

Einnig bendir Fiskistofa á að framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði (fiskigengd, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti). Ef það liggur fyrir að framkvæmdirnar hafi hvorki áhrif á lífríki vatnsins eða aðstöðu til veiði þá er hún ekki háð leyfi Fiskistofu.

## B. ATHUGASEMDIR ÍBÚA OG ANNARRA HAGSMUNAAÐILA

1. **Almenn mótmæli án frekari rökstuðnings** bárust frá: Álfheiði Ólafsdóttur, Sylvíu Rún Guðnýjardóttur, Hildi Sæmundsdóttur, Aroni Ragnarssyni og Thoru Karlsdóttur.
2. **Almennar athugasemdir** bárust frá: Alexandru Kristjönu Ægisdóttur, Örnunni Dögg Tómasdóttur, Hafsteini Garðarssyni, Bjarka Aðalsteinssyni, Danieli Kristni Péturssyni, Dianu Lukas-Nülle, Elísabetu Kristínu Atladóttur, Georgíu Lamprou, Kasíu Bajdu, Paulínu Kolenderska, Radímu Radímsson, Sigríði Elísabet Elísdóttur, Terezu Krivankova, Valgerði Helgu Ísleifsdóttur og Arnari Má Hrannarssyni.

Í meginráttum var efnisinnihald athugasemdanna eftirfarandi:

- Hótelstarfsemi við Lárvaðal getur haft varanleg óafturkræf áhrif á umhverfið og lífríkið í og við Lárvaðalinn og ég hef áhyggjur af því að þessi áhrif hafi ekki verið nægilega vel skoðuð áður en tillagan var lögð fram.
- Stærð hótelsins passar engan veginn á Skerðingsstaðalandið og hef ég áhyggjur af því að framkvæmdin mun skaða allt nærumhverfið í kringum Lárvaðal.



- Fyrirhuguð hótélbygging er á viðkvæmu svæði og eru fornminjar á svæðinu sem geta spillst við framkvæmdir og vegna átroðnings.
- Hótélbyggingin verður ein af hæstu mannvirkjum á Snæfellsnesi eða 7 hæðir og 22 metrar upp í loftið. Mikil hætta er á sjón- og ljósmengun hafi áhrif langt frá hótelinu og spilli þannig útsýni bæði frá Kirkjufelli og Búlandshöfða.
- Í dag er svæðið í kringum Lárvaðal útivistarsvæði sem myndi skerðast verulega ef stærðarinnar hótél verður sett við vatnið með tilheyrandi ágangi ferðamanna bæði akandi og gangandi.
- Vegtenging við Snæfellsnesveg virðist vera illa ígrunduð með tilheyrandi slyshættu og eru það áhyggjur mínar að þarna gæti orðið alvarleg slys með aukinni umferð sem væri að koma inn á þjóðveginn.
- Mig að fá svör við því hvort Grundarfjarðarbær hafi gert áhættumat vegna þessarar tillögu sem tekur á áhættum varðandi umferð og áhrif á núverandi þjónustustaði í Grundarfirði?
- Mig langar að fá svör við því hvort Grundarfjarðarbær telur þetta besta og hagkvæmasta kostinn til að auka ferðamannastraum til Grundarfjarðar?

### Viðbótarspurning frá Örnun Dögg Tómasdóttur:

Arna Dögg lýsir yfir verulegum áhyggjum af því hvernig affalli og skolplögn og eftirliti með því verði háttáð við þessa byggingu, hvort því verði veitt út í lárósin eða sjóinn. Reynslan hafi sýnt að veruleg mengun verður oft við hinar tæknlegustu hreinsunarstöðvar sem verður fólki að heilsutjóni. Ég hef alla mína tíð lagt það í vana minn að synda þarna í vatninu og börn minnar kynslóðar eru að mynda þennan sið núna. Það mun þá vera veruleg lífsgæðaskerðing hjá mér, komandi kynslóða svo og vaxandi hóps sjósundfólks í nærliggjandi bæjum að geta ekki notið þess án þess að hætta á að verða fyrir einhverskonar heilsutjóni.

### Viðbótarspurning frá Hafsteini Garðarssyni og Guðbjörgu Jenný Ríkarðsdóttur.

Þau spyrja hvort Grundarfjarðarbær hafi tól og heimildir til að stöðva starfsemi á þessu viðkvæma svæði ef upp kemur mengun í Lárvaðli, þar sem ekki hefur verið beitt þvingunum um umbætur að hálfu Grundarfjarðarbæjar við svipaða starfsemi í Grundarfirði þar sem þeim hefði þurft að beita. Við hvetjum því bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar að hugsa þessa tillögu vel áður en samþykki um óafturkræfra ákvörðun verði samþykkt.

### 3. Ítarlegri athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

#### 1) Domink Bajda, Grazyna Zofia og Agnesi Sif

Þau hafa áhyggjur af því að aukin umferð fylgi svona stóru hóteli og að fólk leggi út í kanti við þjóðveginn þar sem sé blindhæð og T-gatnamót.



Þau spyrja hvernig svona stórt hótél verði mannað og hvar á starfsfólk að búa. Þau benda einnig á að ekki hafi náðst að manna þær stöður sem í boði hafi verið í sumar (sumur).

Þau lýsa yfir áhyggjum vegna áhrifa sem aukning ferðamanna hafi á lífríki við vatnið þ.m.t. auknar líkur á mengun, rusli, saur og þvagi; mengun frá bílum, bæði Co2 og hljóð sem fæla fuglalíf í burtu og mengun vegna frárennsli og fráveitu. Þau benda á að enginn hafi áhugi á því að synda í skít, pappír og rusli. Auk þess lýsa þau yfir áhyggjum af hljóð og ljósmengun frá hótelinu.

Þau leggja áherslu á að huga þurfi að öryggi í heimabyggð m.t.t. aukins umferðarþunga, langvarandi skorti á lækniþjónusta og að komi til eldsvoða á svo stóru hóteli, þá þyrfti slökkvilið að vera með körfubíl til taks, sem er ekki til á Snæfellsnesi.

Auk þess telja þau að umfang slíks hótels komi til með að hafa áhrif á núverandi gistiheimili sem myndu missa viðskipti og komi til með að hafa í för með sér aukið álag á þjónustukjarna, apótek, heilsugæslu og verslun. Þau spyrja, hvort ekki sé tímabært að byggja bæinn okkar upp sem gott samfélag í staðinn fyrir að reyna að berjast við að reka þetta sem eitthvað fyrirtæki. Þau leggja á það áherslu að reynt verði að halda í Grundfirðingana okkar og byggja upp samfélag sem við viljum búa í, þar sem fólk hlusti á áhyggjur hvers annars. Að bærinn verði byggður upp fyrir okkur en ekki ríka kalla frá útlönum eða úr RVK sem hugsa ekkert um annað en að græða peninga.

## 2) Ingibjörgu Sigurðardóttur, Valgeir Þór, Helgu Sjöfn Ólafsdóttur og Sigurði

Ingibjörg, Valgeir, Helga Sjöfn og Sigurður setja sig alfarið á móti því að það verði byggt hótél á þessum stað og telja fyrirhugaða framkvæmd falla illa að landslagi og að minjar á staðnum missi gildi sitt verði byggt á/við þær. Þau telja að ónæði muni skapast á jörðum í nálægð hótels á þessu svæði. Þau benda á umsögn Umhverfisstofnunar þar sem telur að framkvæmdir skuli vera 100 m frá fjöruborði en í auglýstri tillögu séu mörkin dregin við 50 m frá fjöru. Þau lýsa einnig yfir áhyggjum vegna af fráveitubúnaðar og hvernig fráveitu verði háttað. Þau spyrja hvaða áhrif mengun komi til með að hafa á fiskistofninn í Lárvaðli. Þau telja að fyrirhuguð hótélstarfsemi við Lárvaðal mun hafa óafturkræf áhrif á umhverfið og að hugsanleg umhverfisáhrif hafi ekki verið nægilega vel skoðuð. Þau lýsa einnig yfir áhyggjum af veltengingu við þjóðveginn sem þau telja að beri með sér aukina slyshættu.

## 3) Vilhjálmur Péturssyni

Vilhjálmur óskar eftir ítarlegri mati frá Skipulagsstofnun, Fiskistofu, Vegagerðinni, og Umhverfisstofnun. Hann telur að framkvæmdin muni gjörbreyta ásýnd á umhverfið, valda óvissu með umferðaröryggi, sérstaklega þar sem einungis er gerð grein fyrir 50 bílastæðum sem leitt geti til þess að fólk leggi þá út í vegakanti.



Hann telur óvissu ríkja um áhrif á náttúru, fugla og dýralíf og spyr hvort byggingin sé í samræmi við lög um verndarsvæði í byggð, þar sem hún mun verða staðsett ofan á og við fornminjar.

Hann spyr einnig hvort þarfagreiningin á gistirýmum í sveitarfélaginu hafi verið gerð því það þurfi að vera rekstrargrundvöllur fyrir svona byggingu. Hann óskar eftir samantekt á núverandi fjölda gistirýma í sveitarfélaginu, nýtingu á þeim, þarfagreiningu á frekari gistirými og mati á áhrifum á núverandi rekstraraðila með gistirými.

Ap lokum spyr hann hvort bæjarstjórn Grundarfjarðar hafi látið gera mat á mögulegum hagsmunaárekstrum hjá bæjarfulltrúum og aðilum í nefndum og ef það hafi ekki verið gert, þá óski hann eftir slíku mati og niðurstöðu á matinu. Hann telur að það sé ekki í samræmi við góða og gagnsæja stjórnarhætti í opinberri stjórnsýslu að tryggja að ekki séu fyrir hendi hagsmunaárekstrar t.a.m. ef aðilar sem fjalla um og greiða atkvæði um málið eru verktakar sem geta haft persónulegan beinan ávinning, ef af slíkri framkvæmd yrði.

#### 4) Þórhildi og Brynhildi Ólafsdætrum:

Þórhildur og Brynhildur eru ekki samþykkar tillögunni og benda á að í Lárvaðal sæki bæði fólk og dýr fæðu og að fólk syndi einnig í vatninu. Þær benda einnig á að fjölbreytt fuglalíf sé á vatninu m.a. nokkrar af ábyrgðartegundum Íslands og þarf af nokkrar á valista, en þær tegundir þoli illa breytingar á vistkerfi. Þær telja að vatnið sé viðkvæmur viðtaki og viljum fá vandlegri og faglegri úttekt og rannsóknir á því. Byggingarmagn og ekki hvað síst fráveita frá jafn umfangsmikilli starfsemi og tekið er til í deiliskipulagi er líkleg til að reynast vatninu, umhverfi þess, lífríki og þeim sem það sækja hættuleg og skaðleg. Þau áhrif eru óafturkræf. Við hvetjum til ítarlegra umhverfismats og betri leiða til að koma í veg fyrir fyrirsjáanleg áhrif á náttúru og umhverfi.

#### 5) Péttri Guðráði Péturssyni

Pétur bendir á að Lárvaðall sé stöðuvatn með lítil vatnsskipti og spyr hvernig fer með vatnið þegar sápuget sturtuvatn og afgangur af seyru frá hundruðum hótalgesta fari út í vatnið? Hann bendir á að í vatninu séu silungur, lax og fleiri tegundir sem hægt sé að veiða og telur mikilvægt, nái tillagan fram að ganga, að verði í skilmála að notkun vélknúinna farartækja á vatninu verði bönnuð mun það skerða lífsgæði og ánægju þeirra sem eiga jarðir umhverfis vatnið. Hann segir mikið fuglalíf vera á og við vatnið og að það sé á verndarsvæði Breiðarfjarðar og að þar finnist vistgerðir með hátt verndargildi að mati náttúruverndar. Hann lýsir einnig yfir áhyggjum vegna sjónmengunar sem hótelið kunni að hafa.

#### 6) Olgu S. Aðalsteinsdóttur og Elsu F. Grétarsdóttur

Þær lýsa yfir áhyggjum af afkomu þeirra eigin gistireksturs með tilkomu stærðarinnar hótels á Skerðingsstöðum og telja að þær geti ekki staðið í



samkeppni við það. Þær hafa einnig áhyggjur af mengandi og truflandi áhrifum sem hótelið komi til með að hafa á land fjölskyldunnar í Mýrarhúsum við Lárós, sumarhús þeirra á landi fjölskyldunnar og á nágretta þeirra allt í kring um Lárós, sem þær telja að einnig hafi miklar áhyggjur. Við teljum að mikill og óafturkræfur skaði muni hljóttast af, rísi hótélbyggingin í landi Skerðingsstaða við Lárós, aðeins í nokkurra metra fjarlægð frá sveitaparadís fjölskyldunnar sem með þessum gjörningi verður gjörbreyttur og okkur skaðlegur.

## 7) Gunnari Njálssyni

Gunnar gerir athugasemd við kynningartíma tillögunnar þar sem hún hafi verið kynnt yfir sumartímamann. Hann bendir einnig á að allt rask á umhverfi og byggingar muni hafa áhrif á fuglalíf og áhrif á lífverur í vatninu. Sjónræn áhrif hótels og sumarhúsa mun vera veruleg og breyta ásýnd á stóru svæði.

## 8) Sunnu Njálisdóttur

Sunna tekur fram að taka þurfi tillit til verndunar Breiðfjarðar eins og hún er skilgreind og samþykkt Svæðisgarðsins Snæfellsness þar sem fjallað er um málefni strandsvæða (sjá "Land og sjávarbotn" og "vistkerfi" á bls. 34 í *Umhverfisskýrsla með tillögu að Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026*).

Hún lýsir einnig yfir áhyggjum af fráveitumálum og 50 m vatnshelgunarsvæði frá vatnsbakka sem liggur að grunnum vaðlinum sem hefur hæg vatnsskipti til sjávar. Hún telur að vatnshelgunarsvæðið ætti að vera mun breiðara "ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar"

## 9) Jóhönnu Erlu Ólafsdóttur og Berglind Ólafsdóttur

Þær benda á að stærð hótels sé í engu samræmi við núverandi byggð og að fjöldi ferðamanna og starfsfólks á hótelinu muni fylgja mikill átroðningur og ónæði. Þær telja að hundrað manns í 7 hæða hóteli myndu eyðileggja kyrrðina, ásýnd Kirkjufells og að bæði ljós- og hljóðmengun verði talsverð. Þær benda á að huga þurfi að fráveitu m.t.t. mannfjölda sem geri þurfi þarfir sínar og að þrátt fyrir góðan ásetning eigi óhöpp sér stað, en slíkt slys á þessum stað yrði stórt í samræmi við annað.

## 10) Jóni Pétri Péturssyni

Jón Pétur telur að skýringarmyndir þær sem kynntar hafa verið af skipulaginu gefi mjög ranga mynd af raunverulegri stærð og umfangi byggingarinnar. Hann telur að umfang hennar sé verulega vanreiknað og fer fram á að stærð byggingarinnar verði endurskoðuð. Ennfremur telur hann að bygging af þessari stærðargráðu og þau mannvirki sem tilheyra svo stórra byggingu s.s. fráveita, bílastæði o.fl. rúmstilla illa á þessu landsvæði. Hann telur að fjöldi bílastæða sé óraunhæfur.





Hann telur að tilgátur, eins og fram koma í greinargerð deiliskipulagstillögunar um það með hvaða ferðamáta fólk kys að nota til og frá vinnu, ekki vera haldbær rök fyrir færri bílastæðum.

Jafnframt telur hann að gera þurfi grein fyrir fráveitu miðað við rekstur af þessari stærðargráðu. Hann bendir einnig á að í fylgigögnum sé ekki tekið fram hvernig ofanvatni frá bílastæðum verði háttað og krefst hvað það varðar.

Hann telur að 7-hæða hótélbygging geti ekki fallið vel að landslagi og bendir á að í Aðalskipulagi Grundarfjarðar sé tekið fram að byggingar eigi að falla vel að landslagi, t.d. með tilliti til hæðar, forms og feliri þátta. Einnig telur hann það vera andstætt markmiðum Svæðisskipulags Snæfellsness þar sem fram kemur að leitast skuli við að „hæð bygginga falli vel að umhverfi sínu[...]“

Er aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar bara til þess að fara eftir þegar það hentar, spyr hann, eða er markmiðið að fylgja því við gerð deiliskipulaga innan sveitarfélagsins? Hann telur að umhverfisáhrif af svona stórra byggingu verði veruleg og óafturkræf – að hótélbygging af þessari stærð geti haft mikil áhrif á fugla- og dýralíf á svæðinu og lífríki í vatninu. Ennfremur telur hann að bygging af þessari stærðargráðu geti haft truflandi áhrif í formi ljós- og hljóðmengunar frá bílaumferð á nærliggjandi umhverfi.

## 11) Gauki Garðarssyni

Guakur telur upplýsingar um fráveitumál í deiliskipulagstillögunni séu óskýr og e.t.v. ekki nægilegar. Hann lýsir því yfir að jarðareigendur hafa verulegar áhyggjur á lífríki í Lárvaðli, bæði fiska og fuglalíf, og að ekki hafi farið fram nægilegar rannsóknir og mat á áhrifum framkvæmdanna á lífríkið.

Einnig lýsir hann yfir áhyggjum af mengunarhættu frá bílastæðum og að á deiliskipulagstillögunni komi hvergi fram hvernig afrennsli frá bílastæðum verði háttað s.s. staðsetning olúgildru og hvert hún leiðir. Í umhverfisskýrslu er tekið fram að ofanvatn verði meðhöndlað með blágrænum ofanvatnslausnum en að það sé ekki sýnt á uppdrætti.

Varðandi hljóðmengun, þá telur Gaukur að með aukinni bílaumferð og hótélstarfsemi megi gera ráð fyrir auknum hávaða sem valdið geti truflun yfir á land Mýrarhúsa. Hann segir ekki tekið tillit til ljósmengunar í umhverfisskýrslunni og að gera megi ráð fyrir mikilli ljósmengun frá umræddri starfsemi.

Hann spyr hvort bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar telji að þessi gríðarlega breytta ásýnd á svæðinu og sú sjónmengun sem hljótist af framkvæmdinni hafi ekki áhrif á nær umhverfið?

Hann telur að markmiðum í menningarstefnu sveitarfélagsins sé hvergi náð hvað varðar hönnun og skipulag á svæðinu þar sem um er að ræða lítt snortna náttúru og menningarminjar og spyr hvernig tryggt verði að mannvirki rýri sem minnst hlut náttúru í heildarmyndinni? Hann spyr hvers vegna bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar víki frá þeirri meginreglu í svæðisskipulagi að byggingar á Snæfellsnesi verði almennt 1-2 hæðir og leggi fram tillögu að mannvirki sem er 7 hæðir?



Hann telur að um sé að ræða skörun deiliskipulags við Aðalskipulag Grundarfjarðar þar sem tekið sé fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningarsvæði, en svo virðist ekki vera tekið tillit til þess.

Hann bendir á að í greinargerð komi fram að deiliskipulagssvæðið sé skráð lögbýli en í aðalskipulagi sé tekið fram að svæðið sé verslunar- og þjónustusvæði.

Hann lýsir því yfir að jarðareigendur telji að nægilegt landrými sé innan bæjarmarkanna og í kringum Grundarfjörð sem væri hentugara fyrir hótelfarfsemi.

Jafnframt telur hann að tillagan taki ekki á vegtengingu við Snæfellsnesveg og að mikil hætta geti skapast þar sem mikill hæðarmunur er á stofnvegi og bílastæði með T-gatnamótum. Hann telur að gera eigi ráð fyrir endanlegri veghönnun í deiliskipulagsvinnunni þannig að ekki þurfi að gera verulega breytingu á því síðar.

Varðandi smáhýsin, spyr Gaukur hvort gert sé ráð fyrir varandlegri búsetu starfsfólks á svæðinu og hvort sé verið að lýsa lögbýli í umræddum smáhýsum.

Ennfremur spyr Gaukur hvort framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum og hvort Skipulagsstofnun eða sveitastjórn eigi að meta hvort frkv. sé háð mati á umhverfisáhrifum?

Að lokum spyr Gaukur um fjarlægð frá vatni og náttúruminum og vísar til umsagnar Umhverfisstofnunar þar sem bent sé á að Lárvaðall sé með hátt verndargildi, að lónið sé innan verndarsvæðis Breiðarfjarðar og að mælt sé með því að framkvæmdir verði staðsettar 100m frá fjöru Lárvaðals þar sem fjörunar og Lárvaðall sé hluti af verndarsvæði Breiðarfjarðar. Ekki er hægt að sjá í deiliskipulagstillögunni að farið hafi verið eftir tilmælum Umhverfisstofnunar um 100 m fjarlægð.